

Útkomið i A-deild Stjórnartíðindanna.

Auglýsing um ásigkomulag ljóskera og hljóðbendingaverkfæra, er viðhafa skal á íslenskum gufuskipum og seglskipum, og hvernig þeim skuli fyrir komið, undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 14. maí 1902 (A. nr. 8, bls. 18—29).

Ýtarlegar reglur um tilhögun á prófi i gufuvjelafræði við stýrimannaskólann i Reykjavík, undirskrifadar af ráðgjafanum fyrir Ísland s. d. (A. nr. 9, bls. 30—35).

Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa i fjarvist konungs, undirskrifuð af konungi 28. maí 1902 (A. nr. 10, bls. 36—37).

Lög um heimild til að stofna hlutafjeldsbanka á Íslandi, undirskrifuð af ríkisarfa 7. júní 1902 (A. nr. 11, bls. 38—45).

Lög um heimild fyrir landstjórnina til hluttöku fyrir landsjós hönd i hlutafjeldsbanka á Íslandi, undirskrifuð af ríkisarfa s. d. (A. nr. 12, bls. 46—47).

Vidaukalög við lög 12. jan. 1900 um stofnun veðdeildar i landsbankanum i Reykjavík, undirskrifuð af ríkisarfa s. d. (A. nr. 13, bls. 48—49).

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun allrahæstrar staðfestingar á frumvarpi til laga um vidauka við lög 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveidum. — Með brjefi, dagsettu 6. septbr. f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, skýrt frá því, að lagafrumvarp það, um vidauka við lög 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveidum, sem að tilhlutun stjórnarinnar var lagt fyrir alþingi, er saman kom síðastliðið ár, hafi verið samþykkt af þinginu með breytingum. Hafið þjer, um leið og þjer senduð hingað frumvarp það, er þingið samþykkti, gjört grein fyrir breytingunum, og lagt málið undir úrslit ráðaneytisins.

Að því er snertir breytingar þær, sem gjörðar eru á 1. gr. stjórnarfrumvarpsins, þá kemur það i ljós, bæði i greininni sjálfri, eins og þingið hefir orðað hana, og þó einkum i umræðunum á þinginu, að það hefir, að því er botnvörpuskip snertir, viljað vikja frá þeirri grundvallarreglu, sem hingað til hefir verið fylgt, að skipstjóri fiskiskips einn saman, og ekki aðrir skipverjar jafnframt, skuli bera ábyrgð á brotum gegn fiskiveiðalöggjöfnni. Alþingi hefir þó hikað við að halda fast fram þessu atriði, og með samkvæmni, og hefir því bætt við orðunum: »framar en hann kann að vera skyldur til, sje hann lögskráður skipverji«. Það hefir þannig reynt að takmarka ábyrgð skipverja annara en skipstjóra, en það hefir orðið til þess, að gjöra ákvæðið óljóst og örðugt að framkvæma. Ráðaneytið verður og yfir höfuð að álíta það óráðlegt og miklum vandkvæðum bundið, er til framkvæmda kæmi, að láta lagaábyrgðina ná til allra skipverja og gjöra þá meðseka i hinum umræddu lagabrotum. Að vísu væri það i sjálfu sjer æskilegt, að hægt væri með heppilegum hegningarákvæðum að hindra, ekki aðeins að Íslendingar færu út i botnvörpuskip til að leiðbeina þeim á fiskimið, sem þeim eru óheimil, heldur einnig að þeir rjeðu sig sem há-

8. dag júlímánaðar 1902.

Reykjavík. — Ísafoldarprentsmiðja.

63 setar á skip, aðallega eða að nokkru leyti í þessu skyni. En svo sem og það
7. maí að líkindum ekki væri rjett, að banna Íslendingum með öllu að ráða sig á botn-
vörpuskip, þannig er það ekki tiltækilegt að gjöra mun á íslenzkum hásetum og
öðrum skipverjum gagnvart skipstjóranum að því er hlýðnis skyldu snertir. —
Þess vegna verður ekki annað sjeð, en að ekki sje unnt að koma fram ábyrgð
fyrir aðstoð við ólöglegar botnvörpuveiðar á hendur þeim Íslendingum, sem í raun
og veru eru ráðnir hásetar á skipinu, og geta þannig borið fyrir sig, að þeir hafi
gjört það í þjónustu skipsins.

Þar sem því næst 2. gr. frumv. mælir fyrir um, að hegna skuli
Íslendingum, er leggja það í vana sinn að dvelja á útlendum botnvörpu-
skipum við veiðar þeirra, án tillits til þess, hvort þau eru að veiðum í land-
helgi, eða þau eru að algjörlega löglegum veiðum utan landhelgi, verður ráða-
neytið einnig að vera í efa um, hvort slíkt hegningarákvæði sje rjettmætt.

Loks hefir ráðaneytið álitid hegningarákvæði þau, sem farið er fram á í
3. gr., sjerstaklega varhugaverð. Að vísu væri hugsanlegt að svo stæði á, að
heppilegt væri að geta hegnt skipstjóranum sjálfum með því að dæma hann í
fangelsisvist, en það getur eigi álitizt sanngjarnt, að mæla öll brot gegn 1. gr.
laga 6. apríl 1898 á sama mælikvarðann, þar sem brot gegn lögum þessum
geta stafað af rangri stadmæling, eða einhverri annari óaðgæzlu af hálfu skip-
stjóra. Sjerstaklega verður, þegar svo stendur á, að telja það óheppilegt, að
svo er kveðið á um, að hin minnsta hegning skuli vera 14 daga einfaltfangelsi, og
ekki getur ráðaneytið heldur varizt því, að líta á það í sambandi við þetta at-
riði, hve fá fangelsi eru til, þar sem hinir seku geta tekið út hegningu sína.
Einatt gæti því farið svo, að hegningunni yrði aðeins fullnægt með því að
láta annaðhvort varðskipið flytja hina seku á höfu, þar er fangahús væri, og
bæta þannig auknu erfidi á skipið, þannig að í bága kæmi við annað starf þess,
eða þá með því að skerpa hegninguna allmikið með löngum og kostnaðarsömum
flutningi á hinum seka á annan hátt.

Í sömu átt og athugasemdir ráðaneytisins við þetta frumvarp alþingis
fer einnig álit hinnar þrezku stjórnar, sem komið hefir fram fyrir milligöngu
utanrikisráðaneytisins.

Samkvæmt framanrituðu hefir ráðaneytið í allraþegnsamlegustum tillög-
um sínum um málið, lagt það til, að þessu nmrædda frumvarpi verði synjað
allrahæstrar stadfestingar. Ráðaneytið hefir þó getað fellt sig við uppástunguna
um að hegna skipstjóra á botnvörpuskipi með fangelsisvist, þegar svo stendur á,
að ástæða virðist til að beita þyngri hegningu, svo sem er hann aptur og aptur
eða mjög ófyrirsynju brýtur gegn flskiveiðalöggjöfni. Mildari ákvæði, sem fara
í líka átt og 2. gr. alþingisfrumvarpsins, virðast eigi heldur óaðgengileg.

Ráðaneytið hefir því jafnframt áskilið sjer rjett til að leita á sínum tíma,
allrahæsts leyfis til að leggja hjeraðlútandi lagafrumvarp fyrir næsta alþingi.

Hans hátign konunginum hefir 2. þ. m. allramildilegast þóknast að fall-
ast á þessar tillögur.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar í B-deild
Stjórnartíðindanna, ásamt áður nefndu brjefi yðar.

Brjef landshöfðingja.

Alþingi, sem saman kom í ár, hefir eptir löglegan undirbúning samþykkt lagafrumvarp það, um viðauka við lög 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum, sem lagt var fyrir það af stjórnarinnar hálfu, og leyfi eg mjer því að senda frumvarp þetta hjermeð bæði í þeim búningi, er það kom í frá þinginu og í danskri þýðingu.

Ákvæði stjórnarfrumvarpsins um að leggja hegning við því að liðsinna skipi við botnvörpuveiðar í landhelgi við Ísland eða hjálpa því til að komast undan hegningu fyrir slíkar veiðar eru með nokkrum breytingum tekin upp í 1. gr. lagafrumvarps þess, er alþingi samþykkti. Alþingi hefir eigi látið staðar numið við þessar ráðstafanir til að hindra það að landsmenn veiti botnvörpuveiðaskipum liðsinni við ólögmætar fiskiveiðar. Með því að síðasta alþingi var sams hugar og alþingið 1899 um það, að koma ætti í veg fyrir hin ósamilegu mök milli íslenzkra fiskimanna og enskra botnvörpuskipa, sem getur um í brjefi mínu 20. oktbr. 1899, bæði í landhelgi og utan, hefir þingað í 2. gr. sett ákvæði um, að hjerlendur maður, er leggur það í vana sinn að dvelja á útlendum botnvörpuskipum við veiðar þeirra, eða er í botnvörpuskipi eða á báti við skipshliðina, þegar það er að veiðum í landhelgi við Ísland, án þess að hann geti gert þá grein fyrir dvöl sinni þar, að auðsætt sje að hann eigi enga hlutdeild í veiðiskap þess, skuli, sje hann eigi lögskráður skipverji á skipinu, sæta sekt-um eftir 1. gr.

Með því að hegning sú, sem ákveðin er í 2. gr. laga 6. apríl 1898, sektir og upp- tekt veiði og veiðarfæra, kemur aðeins niður á hlutaðeigandi skipseiganda, en skipstjórinn, sem í rauninni er hinn eini sökudólgur, kemst alveg hjá hegningunni, hefir alþingi í 3. gr. lagafrumvarpsins tekið upp það ákvæði, að hver sá skipstjóri, er sekur verður um brot á 1. gr. nýnefndra laga, skuli auk sekta þeirra, er ákveðnar eru í 2. gr. laganna, sæta fangelsi, eigi minna en 14 daga einföldu fangelsi.

Loks hefir 4. gr. inni að halda hin venjulegu ákvæði um að sektir eptir lögnum skuli renna í landssjóð og mál um brot gegn þeim skuli rekin sem opinber lögreglumál.

Með þessum athugasemdum og með skirskotun til álits nefndar þeirrar, er sett var í málið af neðri deild, og prentað er í Cdeild Alþingistíðindanna 1901, nr. 92, skal jeg leyfa mjer virðingarfyllst að skjóta þessu máli til hæstvirtra aðgerða hins háa ráðaneytis.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamt- 64
inu um flutning þingstaðar. Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í 31. maí
brjefi yðar, dagsettu 27. þ. m., meðmælum hlutaðeigandi sýslumanns og beiðni hreppsnefndarinnar í Grunnavíkurbhreppi í Ísafjardarsýslu, vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Stað í Grunnavík að Höfða, gegn því að hreppsnefndin annist um að til verði hæfilegt hús til þinghalds á hinum nýja þingstað.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna yfir Íslandi um lántöku- 65
leyfi handa Brjánslækjarprestakalli. Samkvæmt tillögum yðar, herra 19. júní